

KÖTLUGOS, FRAMTÍÐAR- JARÐFRÆÐI OG -LÍFFRÆÐI

Quelques difficultés qu'il y ait à découvrir des vérités nouvelles, il s'en trouve encore des plus grandes à les faire reconnaître.

Lamarck.

I

Hagi Katla sér framvegis líkt og síðustu aldirnar, má búast við gosi nálægt 1950. Manni kemur til hugar, hvort jarðfræði og verkvísindi verði þá komin á það stig, að gosinu mætti fresta. Væri unnt að draga eitthvað úr hitastrumnum upp að gosstaðnum, þá yrði gosinu frestað, ef ekki eitthvað sérstakt kæmi fyrir, t.d. mjög stórkostleg styrjöld, sem kynni að flýta fyrir gosi, eins og ófriður sá, sem nú geisar, kann að hafa gert eitthvað dálítið. En hvort sem það verður fljótt eða seint sem áfram miðar í þessum efnunum, þá er ekki ólíklegt, að þar muni koma, að mennirnir læri að færa sér í nyt goskraftana, eða þau öfl, sem eldgosum valda. Er þar hinn mesti munur á, hvort jarðöflin geisa svo, að þau valdi hinum verstu skemmdum og liftjóni, eða hemill er á þeim hafður og stjórn, þannig að þau vinni gagn. Og sjálf sagt munu jarðfræðingar snúa sér að því mjög, að reyna að sjá, hvar eldgosa sé von, bæði þar sem gosið hefir áður, og eins þar, sem jarðöflin stofna til nýrra gosstaða. Mætti þar, þegar þekking færðist í aukana, vinna tvennt í einu, koma í veg fyrir gos og færa sér í nyt jarðhitann.

Ég hefi einu sinni í „Lögréttu“ skrifanda um væntanleg eldgos á Breiðafirði. Gerði ég í þeirri ritgerð nokkra grein fyrir því, hvers vegna mér þætti slíks von. Annar staðar, þar sem mér hefir virst liklegt, að gos muni í vændum, er fyrir

ofan Ölfusið (Ölfus er ef til vill afbakað úr elfós); ætla ég þó ekki að sinni að gera grein fyrir ástæðum mínum til að halda þetta. En svo hygg ég þau gos langt undan, að ekki þurfi þeir sem nú eru uppi, slíku að kvíða. Þykir mér ekki ólíklegt, að þetta verði athugað, ef farið verður á nokkuð stórkostlegan hátt að reyna að nota jarðhitann.

II

Í goðafræðum er ýmislegt, sem bendir til þess, að þar sem lengra er komið en á jörðu hér, sé kunnað að færa sér goskrafta hnattarins í nyt. Hygg ég, að þaðan sé sprottin sú trú, að hinn guðlegi smiður, Hefaistos, stundi smiðar í Etnu og öðrum eldfjöllum. Tel ég engan vafa á því að Zevs og aðrir guðir Grikkja hafi til verið og séu til enn, og að ekki muni vera að ástæðulausu mikið látið af hinum skínandi bústöðum þeirra á hinum himingnæfandi Olympos. En að vísu er sá Olympos ekki í Pessalíu hér á jörð, heldur á öðrum hnetti. Það er á þeim hnetti, þar sem framsókn lífsins hefir náð að skapa guðlegar verur, en ekki á vorri guðlausu jörð, sem kvæðin gerast, þau hin frægu, sem Hómer kvað, skálða skyggurstur, þó blindur væri, og einmitt þess vegna. Mun ég sýna fram á þetta með nokkurri nákvæmni í annarri ritgerð. Eftir þeim athugunum á eðli vitundarinnar, sem ég hefi gert, og minnst á sumar lítið eitt í einni og annarri bráðabirgðaritgerð, er ekki torvelt að gera sér grein fyrir því, hvernig menn hafa hér á jörðu getað fengið vitneskju um mannkyn á öðrum hnöttum, undarlega tengd mannlífi vorrar þroskallitu jarðar, og sum miklu lengra komin; einnig má gera grein fyrir því, á hvern hátt hugmyndirnar um þessar verur, sem menn sumar nefndu guði, hafa aflagast eða orðið fjarri réttu. Mun ég minnast á sitthvað af þessu nánar í ritgerð um náttúrufræði guðanna, sem kemur í “Pjóðolfi”. En það er til marks um, hve lítið menn hafa um guðina vitað á síðari tímum, að jafnvel ekki hinir lærðustu málfræðingar skuli hafa skilið merkingu orðsins guð, sem þýðir hinn skínandi. Eru flest nöfn á guðum þeirrar merkingar. Eru guðirnir svo bjartir, að lýsir af þeim, eins og berum orðum er sagt um

Baldur. Mun verða getið um þetta í hverri kennslubók í líf-fræði (biologi) áður en 20 ár eru liðin.

Verði tilraunum rétt hagað, mun á Grikklandi ekki verða erfitt að komast að raun um, að skýsafnarinn Seifur er á lífi enn, og rétt það sem ég segi um heimkynni hans. Munu menn snúa sér að öðru meir á jörðu hér en manndrápum og spellvirkjum, þegar augu þeirra opnast fyrir slíkum sannindum, sem hér er á vikið, og samband næst við guðina, sem hafa svo lengi og þolinmóðlega verið að leitast við að koma viti fyrir oss á jörðu hér. Guðirnir hafa þá aðferð, að þeir leitast við að koma einhverri góðri hugsun inn í þau höfuð, sem helst geta tekið við slíku. En mjög hefir mönnum hætt við að vera þar á móti. Eru þess jafnvel mörg dæmi, að mönnum, sem voru vel viti bornir og vel menntaðir, hefir orðið sú vitbilun, að ímynda sér, að einmitt þeir sem voru að leiða í ljós hin merkilegustu sannindi, væru að fara með rugl. Víkur hér að þeim farartálmanum á framsóknarleið mannkynsins, sem allra-verstur er. Því að það er dagsanna, sem Lamarck sagði, hinn mikli náttúrufræðingur og spekingur, að þó erfitt sé að finna ný sannindi, þá er samt ennþá erfiðara að fá aðra til þess að sjá að ný sannindi séu fundin. Mennirnir, sem vildu ekki líta í sjónpípuna hans Galilei, af því að þeir voru svo sannfærðir um að það væri ekkert að marka, sem hann var að segja þeim af uppgötvunum sínum, áttu sér fjölda af fyrirrennurum með líkum hugsunarhætti. Og þeir eiga sér fjölda af andlegum frændum, enn á vorum dögum.

Lögréttta, 23. okt. 1918.